



Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Bréf til Barnaverndarráðs Íslands 1939

Bjarni Benediktsson – Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Bréf til Barnaverndarráðs Íslands 1939

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Apríl

S k ý r s l a

frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur til Barnaverndarráðs Íslands
um [REDACTED] og heimili foreldra hans.

[REDACTED] er fæddur þ. [REDACTED]. Foreldrar hans eru hjónin
[REDACTED] og [REDACTED]
[REDACTED].

Afskipti lögreglunnar og barnaverndarnefndar af dreng þessum
hófust þ. 23/3 1937 vegna þjófnaðar. Hafði hann þá tekið þrjár krónur
úr skúffu í lúð [REDACTED]. Játaði [REDACTED] fyrir
lögreglunni í þetta sama sinn, að hann hefði stundum tekið dúfur ásamt
[REDACTED], en þeir [REDACTED]
[REDACTED]. Ennfremur kvaðst hann stundum hnupla peningum frá móður sinni.

Við eftirgrennselan reynsist sækja skólann mjög illa, og hegðun
hans þar var ábótavant.

Sumarið 1938 mun [REDACTED] hafa verið að [REDACTED].

Þann 23/9 1938 verður [REDACTED] í uppvís að hnupli á ljósaperum, ásamt
tveim drengjum öðrum ([REDACTED] og [REDACTED]).
Þann 13/10 1938 var tálkynnt á lögreglustöðina, að [REDACTED] hefði ekki
komið heim til sín síðan kl. að ganga tólf daginn áður, og hóf þá
lögreglan leit að honum. Um kl. 3 aðfaranótt hins 14. fann faðir
[REDACTED] hann inni á [REDACTED]. Hafði [REDACTED] litið borðað þenna tíma og
var mjög illa til reika. Kváðu foreldrar hans hann vera mjög ódælan,

oft x koma seint heim á kveldin og fara sínu fram um flest; sögðu þau og, að hann hefði einu sinni áður legið úti eina nótt til kl.4, en þá fann faðir hans hann sofandi í bíl. - [REDACTED] kvaðst ekki hafa þorð heim af hræslu við föður sinn. Þar sem nefndinni var kunnugt um, að heimilisbráður hjá foreldrum [REDACTED] var vondur og þau voru þess alls ekki umkomin að hafa með honum nágilegt eftirlit, fór nefndin þegar að leita fyrir sér um stað handa honum í sveit, enda óskuðu foreldrar hans eftir því. Þann 2. nóv. 1938 samþykktu svo foreldrar [REDACTED] á fundi barnaverndarnefndar, að hún kæmi [REDACTED] fyrir í sveit um óákveðinn tíma.

Þar sem ekki fékkst í x bíli neitt heppilegt sveitaheimili fyrir drenginn, en nauðsyn þótti að taka hann af heimili foreldra hans, sökum vonds heimilislífs og eftirlitsleysis, var honum komið fyrir til Bráðabirgða, eða á meðan verið var að útvega honum stað til langdvalar, á barnaheimilinu [REDACTED]. Fór hann þangað þ.14/10 1938 og voru foreldrar hans ánægð með þá ráðstöfun.

Á barnaheimilinu hagaði [REDACTED] sér svo illa, að forstöðukona þar brátt fram umkvartanir við barnaverndarnefnd og kvaðst ekki geta haft hann á heimilinu sökum ódælsku og hinna vöndu áhrifa, sem hann hefði á hin börnin. Gerði [REDACTED] sér mjög dælt við alla þar, og því dælla sem lengur leið. Eigi var hægt að fá hann til að sækja skóla reglulega, reyndi þá forstöðukona að kenna honum, þó með litlum árangri, sökum eirðarleysis, áhugaleysis og leti. Hann sat um hvert tækifæri til að komast út og rangla um bæinn. Kom fyrir að hann færi út um glugga á kveldin.

Nefndinni varð nú á ljósara, að brýna nauðsyn bar til þess að koma [] úr barnum á gott sveitaheimili til langdvalar. Heimili hans var þess ekki umkomid að hafa nekkurn hemil á honum og á barnaheimiliu gat hann ^{heldur} ekki verið sökum óhlýðni, hnups og vondra áhrifa á hin börnin. Hann fekkst ekki til að sakja skóla eða læra. Hið eina sem hann undi við var láttlaust flakk og flakingur um göturnar, sem leiddi hann alloft til óknytta og hnups.

Nú gat nefndin komið drengum fyrir að [] í [] til [] og átti hann að fara þangað með áætlunarbíl um morguninn þann 19. nóv. 1939. Frk. Guðrún Brandsdóttir hjúkrunarkona og heimilsráðunautur nefndarinnar átti að sjá um brottför hans, og var foreldrum hans kunnugt um þessa ráðstöfun og samþykkt henni. En er brottfarastundin kom, voru foreldrar hans bæði mett niðri á stöð. [] var ölvaður og mjög ókurteis og heimtaði [] heim með sér. Er skemmst frá því að segja, að hjónin tóku [] heim með sér án þess að frk. Guðrún gæti við neitt ráðið. Hafði nefndina ekki grunað, að lögregluvaldi þyrfti að beita til að koma drengnum í burtu, enda kveður barnaverndarnefndin ekki lögregluna sér til aðstoðar við slík taki-færi, nema full ástæða sé til. - [] vildi nú alls ekki taka [], þegar hann frétti af þessu tiltaki hans og föður hans.

[] var nú hjá foreldrum sínum nokkra daga, en síðan fór hann aftur í []. Þann 17. des. 1939 varð hann þar uppvis að þjófnaði. Stal hann 10 kr. frá einni starfsstúlkunni og einnig stal hann frá forstöðukonunni peningum, sem námu svipaðri upphæð.

Í jólaleyfinu fékk [] að vera hjá foreldrum sínum. Stal hann þá á gamlárskveld tveim úrum. Fékk hann félagu sínum annað úrið og gat þess við hann að það væri stolið, en föður sínum fékk hann hitt

úrið og sagði honum, að félagi sinn í [REDACTED] ætti það. Félagi [REDACTED], sem hafði úrið í vörslum sínum, kom þessum þjófnaði upp, en faðir [REDACTED] geymdi hitt úrið og skilaði því til lögreglunnar, er eftir því var gengið. Ýms önnur strákapör hefir [REDACTED] verið riðinn við bæði fyr og síðar, eins og lögregluskýrslur um hann sýna.

Nefndin útvegaði nú [REDACTED] stað úti í Engey, en þangað hefir hún oft komið vandræðadrengrum. Var hann fluttur þangað þann 6. jan. 1939. Símon Ágústsson og Sigurður Magnússon löggæslumaður sóttu hann nokkru fyrir hádegi á [REDACTED]. Hafði foreldrum hans verið tilkynnt um morguninn, að drengurinn myndi verða sendur út í Engey, svo að þau gætu kvatt hann, en hvorugt þeirra kom.

Drengurinn sýndi engan mótþróa og virtist samilega ánægður með að fara.

Daginn eftir, þann 7. jan. 1939 strauk [REDACTED] burt úr Engey á kajak, sem frægt er orðið. Þann faðir hans hann seint um kveldið. Hafði lögreglan og Engeyjarbændur leitað hans alt kveldið, bæði á sjó og landi, með kastljósum og köllum. - Var nú engan stað hægt að fá fyrir [REDACTED], og var hann nú heima um hrið. Kvaðst [REDACTED] faðir hans ætla að koma honum bráðlega til Ísafjarðar til [REDACTED]. Var þetta gert & í samráði við Sigurð Magnússon löggæslumann og með vitorði nefndarinnar og var svo um talað, að [REDACTED] yrði á Ísafirði til vorsins, en þá ætlaði nefndin að ráðstafa honum í sveit til frambúðar. Fóru þeir feðgar þ. 18. jan. 1939 til Íxaxfx Ísafjarðar, og var [REDACTED] þar fram í apríl.

Eftir upplýsingum frá [REDACTED] á Ísafirði, endurtók sig þar sama sagan og í [REDACTED]. Hann gerði sér því dæla við

það sem lengur leið og vildi jafnan fara sínu fram. Bar við að hann hnuplaði frá því. Í skólanum var hann einnig erfiður, eftirtektin var svo hvíkul og óróinn svo mikill, að hann gat ekki fest sig við nám að reinu gagni. [REDACTED] varð nú brátt leiður á dvöl sinni á Ísafirði, og [REDACTED] hans vildu einnig losna við hann, er þeim var orðið ljóst, hve mikið vandræðabarn hann var.

Til Reykjavíkur var [REDACTED] kominn aftur fyrir þann 19. apríl og var nú um hríð hjá foreldrum sínum. Í gerðabók barnaverndarnefndar Reykjavíkur er bókað á fundi þann [REDACTED] 1939: "Sigurður Magnússon tulkynnir, að [REDACTED] sé nýlega kominn til bæjarins, þvert ofan í ákvarðanir lögreglunnar og barnaverndarnefndar, og að það sé krafa lögreglunnar, að drengnum verði komið burtu úr þanum svo fljótt sem kostur er á."

Vann nefndin nú að því að útvega honum heimili til langdvalar, einhversstaðar fjarri Reykjavík, sem hann ætti óhægt með að strjúka frá. Þekkt staður fyrir hann í [REDACTED] hjá [REDACTED]. Var móður [REDACTED] tjáð þetta, en á meðan beðið var eftir hentugri ferð þangað, sendu foreldrar hans hann að [REDACTED] Melasveit, þ. 3. maí án vitundar nefndarinnar. Lét nefndin það afskiftalaust en sendi annan dreng að [REDACTED]. Grunaði hana reyndar eins og faun varð á, að [REDACTED] myndi brátt koma aftur. Þann 24. maí 1939 var [REDACTED] svo útvegaður staður í [REDACTED] á Ströndum, en þar hafði nefndin áður haft vandræðadreng í fóstri og gefist mjög vel.

[REDACTED] kom brátt ofan úr [REDACTED] og gerðist enn sekur um hnupl og óknytti. Átti ráðunautur nefndarinnar, Símon Ágústsson, oft tal við [REDACTED] um þessar mundir, skýrði hann honum frá, hvaða

stað nefndin hefði útvegað [REDACTED], og lét [REDACTED] sér það vel líka og lét sem hann skildi það, að framtíð drengsins væri undir því komin, að hann ílengdist á góðu sveitaheimili. Var [REDACTED] nú útvegað far með einu síldarskipanna, togaranum [REDACTED], sem fór til [REDACTED], og tilkynti Símon Ágústsson Binari að x hafa drenginn til farar búinn, því að skipið gæti farið með sama og engum fyrirvara, jafnskjótt og síldar-fregnir berust að norðan. Lét [REDACTED] vel yfir þessu öllu og lofaði að gera sitt besta til að vinna drenginn til að fara með góðu, en kvaðst vera hræddur um, að hann stryki. Kvaðst [REDACTED] ekkert ráða við [REDACTED] og ækti eftir þeirri hjálp og aðstoð, sem barnaverndarnefndin gæti í té látið.

Þann 28. júní átti Elí að fara með [REDACTED] um hádegi. Fóru þeir Sigurður Magnússon löggæslumaður og Símon Ágústsson heim til [REDACTED] til að sækja [REDACTED] kl. að ganga nú um morguninn, en [REDACTED] kvað hann þá farinn fyrir nokkrum dögum upp að [REDACTED]. Hafði [REDACTED] þá leikið það bragð að koma drengnum fyrir á bak við nefndina, enda þótt ráðunautur nefndarinnar hefði tilkynt honum, að nefndin hefði útvegað [REDACTED] stað, og [REDACTED] virtist láta sér þá ráðstöfun vel líka.

Nefndin ákvað nú að binda enda á þenna flæking [REDACTED] og senda hann í þann stað, sem hún hefði útvegað honum. Annaðist Sigurður Magnússon löggæslumaður ásamt [REDACTED] kennslukonu flutning [REDACTED] norður á [REDACTED], en þar beið [REDACTED], húsbóndi [REDACTED] eftir honum með hesta. Hefir [REDACTED] verið í [REDACTED] síðan og liðið vel. Má telja líklegt, að drengurinn lagist, ef hann fær að vera í friði í nokkur ár fyrir foreldrum og öðrum aðstandendum, sem hafa óheppileg áhrif á uppeldi hans, a.m.k. er þetta hin eina ráðstöfun, sem borið getur árangur.

[redacted], faðir [redacted], var enn ekki af baki döttinn. Um miðjan júlí tók hann sér ferð á hendur norður á Strandir og ætlaði að hafa [redacted] á brott með sér úr [redacted]. Hringdi þá húsbóndi [redacted] til barnaverndarnefndar og skýrði henni frá, að [redacted] væri þangað kominn til aðsækja [redacted], en nefndin sendi þegar skeyti til hreppstjóra [redacted] og bað hann að koma í veg fyrir, að [redacted] taki drenginn með sér. Þór [redacted] þaðan við svo búio, en varð af samratvinnu fyrir þetta ferðalag sitt.

Síðan hefir [redacted] og systir hans [redacted] sýnt ráðunaut nefndarinnar meгна ókurteisi og ausið yfir hann skömmum og brigslyrðum. Hefir nefndin ekki vikið frá ákvörðun sinni um að hafa drenginn í [redacted]. Þann 18. ágúst stl. samþykkti nefndin að svifta förelðra [redacted] xxxxx förelðrarétti yfir honum, ef þau falla ekki frá kröfu sinni um að drengurinn verði tekinn úr þeim stað, sem nefndin hefir útvegað honum.

Um förelðra [redacted] og uppeldi hans er þetta framar að segja: Móðir hans, [redacted], er mjög heimsk, illa lynt, en samilega verki farin og dugleg. [redacted] er drykkfeldur slápingi, óábyggilegur í orðum, en samilega gefinn að því er virðist. Samkomulag hjópanna er bágborið. Óregla og ódugnaður [redacted], heimska og skapbrestir [redacted], fátækt og illt samlyndi leggjast á eitt með að eyðileggja heimilislífið. [redacted] sonur þeirra gerðist n snemma fráhverfur heimilinu og vandist á flakk, göturangl, óknytti og þjófnæð. Var það seinni en þörf xxxxxx var á að barnaverndarnefndin batt enda á óknyttiferil hans og sífelðan fleking úr einum stað í annan, og veldur því eingöngu, hve erfitt er að fá hentuga dvalarstaði fyrir

slíka drengi, þar sem ekkert uppeldisheimili er hér enn til fyrir vandræðabörn.

Að lokum má áréttast það, að foreldrar [REDACTED] hafa um langt skeið gert allt sem þau geta til þess að torvelða starf nefndarinnar til siðferðilegrar viðreisnar drengsins. Hafa þau ^{a.m.k.} tvívegis verið völd að því að hindra brottför drengsins í þá staði, er nefndin hafði útvegað honum, í annað sinn með ofbeldi, en í hitt skiftið með svikum. Faðir hans hefir gert sér ferð um hábjargræðistímann [REDACTED] og atlað að hrífa hann með valdi úr þeim stað, sem nefndin kom honum fyrir í, og telja má víst, að foreldrarnir rói að því öllum árum að gera drenginn óánægðan þar sem hann er og koma honum til að strjúka. Virðist því full ástæða til, að höfð sé umsjón með bréfaskriftum þeirra til drengsins.

[REDACTED] var vitprófaður þ. 22/10 1938 og reyndist hann hafa I Q 0,74. Skilningurinn reyndist lítill og drengurinn ákaflega fáfróður og illa að sér. Las hann mjög rangt og gat aðeins myndað einstaka stafi, en ekki skrifað orð.

Reykjavík, 12. sept. 1939
Simon Jóh. Agústsson

Endi þýi árit af skýrðu þorna-
verndarnefndar um [REDACTED]
en hann er gott dæmi um
hina vefðustu vandrada staka,
sem við höfum að glíma við um
og aðeins endur þeirra.

S. Ag.